

BN/jhb

Reykjavík 21. febrúar 2006.

Með bréfi samgöngunefndar Alþingis dagsettu 15. þ.m. barst til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á siglingalögum nr. 34/1985, 376. mál.

Ekki hefur gefist tími til að fara svo rækilega yfir efnisatriði frumvarpsins að unnt sé að gefa ítarlega umsögn.

Ástæða þykir þó til að benda á að bæði í 1. og 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins virðist vera galli á setningaskipan eða orðalagi.

E.t.v. kemur til greina að haga orðalagi 1. mgr. sem segir: *Hafi skipstjóri, stýrimaður eða vélstjóri (eða skipverji eða annar starfsmaður, sem hefur með hendi starfa í skipi) orðið valdur að ..o.s.frv.*


Þá kemur e.t.v. til greina að byrja 2. mgr. þannig: *Enginn má stjórna eða reyna að stjórna skipi ef hann ...* og enda setninguna á orðunum: *..á fullnægjandi hátt.* Síðan mætti bæta við: *Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum... o.s.frv..*

Þess er vænst að mögulegt verða að finna og nota annað orð í stað orðsins "aðili" í 4. og 5. mgr. 1. gr. eða að haga orðum með öðrum hætti en gert er í málsgreinunum til þess að forðast þetta orð.

Í athugasemdum með frumvarpinu er vísað til reglna í Noregi um bann við ölvun við skipstjórn. Samkvæmt norsku siglingalögum mun það einungis vera lögregla sem getur gert öndunarpróf á þeim sem grunaður er um slíkt brot og síðan látið grunaða gangast undir töku blóðsýnis, öndunarsýnis o.s.frv. Ekki verður séð að ástæða sé til að haga þessu öðruvísi hér, sbr. 5. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

Þá segir í athugasemdunum að í Noregi sé það nú refsivert fyrir þá sem starfa á skipum að vera með tiltekið áfengismagn í blóði. Samkvæmt norsku lögum beinast umrædd refsíákvæði að þeim sem stjórna eða reyna að stjórna skipi og jafnframt þeim, sem annast starf á skipinu sem hefur mikla þýðingu fyrir öryggi til sjós, þeirra á meðal hafnsögumönnum.

Ekki hefur gefist tími til að fara yfir 2. gr. frumvarpsins en í fljótu bragði sýnist það þarfnast endurskoðunar og lagfæringar.



Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Póstfang:  
Hverfisgata 6  
150 Reykjavík

Sími:  
530-1600  
Netfang: rsak@tmd.is

Bréfsími:  
530-1606

Kennitala:  
530175-0229